

AUGLÝSING um hreindýraveiðar árið 2022.

Heimilt er að veiða allt að 1021 hreindýr árið 2022. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda. Veiðitími tarfa er frá 1. ágúst til og með 15. september. Umhverfisstofnun getur, sbr. reglugerð nr. 486/2003 með áorðnum breytingum, að fenginni umsögn Hreindýraráðs, heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí, að því tilskyldu að þeir séu ekki í fylgd með kúm og að þær veiðar trufli ekki kúr og kálfa í sumarbeit. Veiðitími kúa er frá 1. ágúst til 20. september. Fyrstu tvær vikur veiðitíma skulu veiðimenn og leiðsögumenn í lengstu lög forðast að fella mylkar kúr og veiða af fremsta megni geldar kúr.

Óheimilt er að veiða kálfa. Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Veiðiheimildir árið 2022 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Kúr	Tarfar	Alls
Svæði 1	80	110	190
Svæði 2	100	70	170
Svæði 3	48	45	93
Svæði 4	42	15	57
Svæði 5	60	45	105
Svæði 6	40	60	100
Svæði 7	110	70	180
Svæði 8	28	30	58
Svæði 9	38	30	68
Samtals	546	475	1021

Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimilda.

Veiðisvæðin og skipting þeirra eftir sveitarfélögum er óbreytt frá fyrra ári.

Þrátt fyrir skiptingu veiðiheimilda eftir veiðisvæðum getur Umhverfisstofnun, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, flutt veiðiheimildir milli samliggjandi veiðisvæða þygi sýnt að hjarðir hafi fært sig milli þessara veiðisvæða eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða nr. 486/2003.

Á veiðisvæði 8 er heimilt að úthluta allt að 18 leyfum af kúaveiði frá 1. til 20. nóvember til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðinu.

Í því skyni að draga úr líkum á að hreindýrin á veiðisvæði 9 leiti milli sauðfjárveikivarnarhólfa yfir í Örafasveit skulu dýr Suðursveitar, 18 tarfar og 22 kúr, veidd á Breiðamerkursandi og fjallendi þar eftir fremsta megni. Á veiðisvæði 9 er heimilt að úthluta allt að 28 leyfum af kúaveiði frá 1. til 20. nóvember til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðinu.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða, nr. 486/2003, er Umhverfisstofnun heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímann á hverju svæði.

Veiðiheimildir þessar eru auglýstar í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða með áorðnum breytingum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, sbr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.